



ÓSKASTEINAR
í faðmi Bjólfs

51515

Fann ég á fjalli fallega steina

Það er sterkt í okkar menningu að virða náttúruöflin, trú á stokka steina og við útilokum ekki að álfabyggð leynist í sumum klettum og steinum. Að minnsta kosti köstum við ekki grjóti í þá eða hróflum við þeim að nauðsynjalaus og eigum margar sagnir um óhöpp sé það gert.


Auðmýkt og virðing við náttúruöflin, jökulsorfnar klappir, grjóturð og stakir steinar sem náttúran hefur staðsett á einstakan hátt varð kveikjan að nálgun verkefnisins. Ásamt því að skapa einstakan viðburða, útsýnis- og upplifunarstað vildum við setja steininn á stall og gefa honum nýtt líf.

Við viljum skapa stað fyrir samveru, íhugun í næði og valdeflingu mannsandans.

Ferðalagið er varðað steinum ýmist í nýjum gljáfægðum búningi eða ósnertum steinum sem staðið hafa þar sem þeir eru frá því jökullinn yfirgaf þá. Við sögu koma **Stakur** steinn, **Óskasteinar**, **Aðalsteinn** og **Styrkur**, allt um það síðar, en **SAMAN** munum við njóta ferðalagsins.



B E R G M O L I
FRÁ SVÆÐINU
MEÐ GLITRANDI
BERGKRISTÖLLUM



SKIPULAGSUPPDRAÐTUR
1 : 25000 á A4
[5 m HÆÐARLÍNUR]

Mætingarsvæði

Útskot verða stækkuð og breikkuð svo að rútur geti mætst.

Útskotum er valinn staður þar sem útsýni er gott, bæði eftir vegslóðanum, fyrir yfirsýn ökumanna og svo fyrir farþega í bílum og rútum.

AÐ KOMA

INN Á ÚTSÝNISSVÆÐI FRÁ
ÞJÓÐVEGI 93
[SEYÐISFJARÐARVEGI]

SKIPULAGSUPPDRATTUR

1 : 12500 á A4

[5m HÆÐARLÍNUR]

BÍLASTÆÐI
& INFO

P i

HAUGS-
MÝRAR

BÆJARBRÚN

VESTURVEGUR
SEYÐISFJARÐARVEGUR
[ÞJÓÐVEGUR 93]


STAFALSA
STAFALSKVERK


GUFUFOSS

Ferðalagið hefst

Bílastæðum er komið fyrir við upphaf leiðarinnar þar sem hún beygir út af Seyðisfjarðarvegi. Þar er hægt að skoða kort og velja ferðamáta, að keyra upp að útsýnissvæðinu eða ganga. Gönguleiðin liggur ofan við Bæjarbrúnina og á yfirlitskorti á svæðinu kemur fram bílastæði um miðja veginu, þaðan sem einnig er hægt að ganga að útsýnisstaðnum. Gert er ráð fyrir útskotum á bílveginum þar sem bílar/rútur geta mæst

MÚLA-
FOSS





BJÓLFUR
1085 m

RÖÐ

GÖNGULEIÐ
YFIR Í VESTDAL

FLATAFJALL

SEYÐISFJÖRDUR

SNJÓFLÓÐA-
VARNARGARÐAR

BRÚN

STYRKUR

FLUG

P i

ÖSKASTEINAR

P i

BÍLASTÆÐI
& INFO

STAKUR

JÓKUGIL

HAUGUR

FJÖRDUR

DAGMÁLALÆKUR

VEGURAD ÚTSÝNISSTAÐ

HAUGS-
MÝRAR

NÝ GÖNGULEIÐ

0 100 300m

SKIPULAGSUPPDRATTUR

1:12500 á A4

[5m HÆÐARLÍNUR]

GÍSA

Hægt er að útfæra akstursferli rútunnar með einföldum hætti eða skapa hringferli. Sé gönguleiðin valin fær ferðalangur í bónus að ganga fram hjá Haugi, þar sem Bjólfur landnámsmaður Seyðisfjarðar er heygður samkvæmt Landnámu.



AFSTÖÐUMYND
1 : 500 á A4
[1m HÆÐARLÍNUR]

0 5 15m

Stakur

Hvort sem lagt er af stað frá efsta bílastæðinu eða gengið er að útsýnisstaðnum blasir við gljáfægður steinn, Stakur sem hvílir einn og yfirvegaður á hrygg suðaustan við bílastæðin.

Stakur tilheyrir fjallinu en hefur nú verið færður í nýjan búning, þar sem rafhúðuð álkápa klæðir steininn.

Sitjandi á Staki er gott að íhuga og fara í innri ferðalög um leið og horft er á magnað útsýnið út fjörðinn.

Stakkur er upptakturinn að hinu eiginlega útsýnissvæði.

nýr útsýnisstaður
"Stakur"

upplýsingaskilti

bílastæði

ný gönguleið um
Bæjarbrúnina

slóði





Óskasteinar og Aðalsteinn

Frá bílastæðum liggur leiðin um þjappaðan malarstíg að tuttugu og fjórum **Óskasteinum** og **Aðalsteini** sem mynda hinn eiginlega útsýnisstað.

Útsýnisstaðurinn er í senn samverustaður og minning um náttúruöflin sem tóku tuttugu og fjögur mannslíf í snjóflóði árið 1885.

Staðurinn þjónar einnig hlutverki samkomustaðar hann er nokkurskonar amfi leikhús, þar sem hægt er að tilla sér og leikmyndin er hið magnaða landslag og bærinn í botni fjarðar.



að snjóflóða-
varnargörðum

svæði fyrir
tímabundna
innviði s.s.
Kaffibás eða
ferðasalierni

ný gönguleið
að Vestdal og
útsýnisstað
"Styrkur"

hlið á nýjum stað

snúningssvæði
fyrir rútur

"Drop off"
svæði fyrir rútur

mögulegur
snúningshringur
með biðsvæði
fyrir rútur

stæði fyrir þá
með skerta
hreyfigetu

lagfært
svæði

lagfært
svæði

vegvisir

Stígur með
auðvelt
aðgengi að
"Aðalsteini"
[sviði]

upplýsingaskilti

handlisti


"A ðalsteinn"

"Óskasteinar"
[á útsýnispalli]

handlisti

AFSTÖÐUMYND
1 : 500 á A4
[1m HÆÐARLÍNUR]





lagfært svæði

handlisti

stígur með
auðvelt aðgengi að
að **"Aðalsteini"**
[sviði]

að rútu & stæðum

útsýni að
Seyðisfirði



að bílastæðum

handlisti

"Aðalsteinnn"


"Óskasteinar"
[á útsýnispalli]



0 2 6 12m

24 Óskasteinar

[minningarsteinar um þá er
féllu í snjóflóði úr Bjólfi 1885]



stígur

stígur

sneiðing í útsýnispall
"amfi-leikhús" og **Óskasteina**
1:200 á A4



Óskasteinarnir eru manngerð form af völdum steinum úr fjallinu,
steypt úr rafhúðuðu áli, efni sem glitrar lítillega og endurkastar himni og umhverfi mjúklega.

Hallandi flötur *óskasteinanna* tryggja að ekki sitji vatn á þeim.
Þeir raðast á forsteyptar einingar sem mynda pall að ofan og lág þrep í áttina að flötu
malarsvæði sem myndar nokkurs konar svið framan við *Aðalstein*.







Aðalsteinn fangaði athygli okkar á staðnum, hann tilheyrir fjallinu og fær að halda sér nákvæmlega eins og hann er í dag, staðsetning hans tekur athyglina eitt augnarblik frá tilkomumiklu landslaginu.







Dags daglega, er bærinn og hættulegt umhverfi hans aðalatriðið á sviðinu, dansandi norðurljósinn stela svo senunni þegar rökkva tekur.

En stundum er staðurinn á milli áhorfenda og *Aðalsteins* breytt í svið og þannig nýtt undir ýmsa viðburði.

Við sjáum fyrir okkur að staðurinn geti þjónað menningunni, þar sem ljóðalestur og söngur yrði framinn sem dæmi og jafnvel hjónavígslur myndu eiga sér stað. Staður sem bæði íbúar og gestir geta notið og nýtt í samveru.

Færanleg salerni og önnur tímabundin aðstað fyrir viðburði getur staðið norð- vestan við útsýnisstaðinn, án þess að valda truflun (þar sem í dag er hringakstur).

Aðkoman að pallinum að ofanverðu er annars vegar frá aðkomustígnum frá bílastæði og hins vegar frá rútu og fatlaðrastæði. Einnig er hjólastólafer leið að sviðinu-Aðalsteini að neðanverðu sem gerir að verkum að hringleið myndast að og frá svæðinu.









Pallurinn verður forsteyptur með litaðri sjónsteypu í appelsínugulum tón, en það litbrigði fyrirfinnst víða á svæðinu.

Handlistar úr ryðfríu stáli veita stuðning meðfram stíg að neðanverðu og tröppum á pallinum, hæðin er breytileg eftir því hvar í landinu handriðið liggur. Þar sem handlistinn þjónar fallöryggi er hann í handriðshæð en fer niður til jarðar í 40cm hæð þar sem hann er leiðandi lína.

Þar sem handlisti fer yfir *Aðalstein* birtist orðið **SAMAN**, það er sett þarna til að minna okkur á mikilvægi þess að vera saman, njóta saman og ekki síst að hugleiða að saman erum við sterkari þegar á reynir.

EFNIS - P A L L E T T A



RAFHÚÐAÐ
ÁL



RYÐFRÍR
STÁL
HANDLISTI



LITUÐ
SJÓN-
STEYPA



STEINAR
FRÁ SVÆÐINU







Styrkur


Gönguleiðin liggur áfram til norðurs fyrir neðan snjóflóðagarðinn og nálægt syðri enda garðsins blasir Styrkur við, frá honum blasir allur fjörðurinn við og hafið eins og langt og augað eygir.

Hann tilheyrir fjallinu og er líklega eitt þektasta kennileiti á myndum frá Seyðisfirði, t.d á keppnislýsingunni stendur barn upp á honum.

Við höfum skýrt hann þessu nafni þar sem hann er tákngerfingur styrkleikans og þar sem maðurinn finnur til valdeflingar eftir að hafa afrekað eitthvað í náttúrunni.

Við hreyfum ekkert við þessum stað og fólk verður að finna það hjá sjálfu sér hvort það vill bara horfa eða stíga upp á hann, bæði er jafn gott.





Ferðalok

Að ferðalokum komum við endurnærð til byggða, með nýja sýn á landslag sem var þarna allan tímann.

Með tillögunni viljum við stíga hóflega inn í landslagið en á sama tíma skapa sterka upplifun með einföldum aðgerðum.

Um leið og við leysum betra aðgengi fyrir alla, þá sköpum við næði við staðina sem á að njóta.

Við vinnum með náttúrufyrirbæri sem hvíla hógvær á staðnum, og við skerpum á skynjun með því að setja þekkt náttúrufyrirbæri í nýtt samhengi.

Erum við ekki að fara að skreppa á tónleika upp í Óskasteina í faðmi Bjólfs?





